

Íslenska kalkþörungafélagið ehf
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

Reykjavík, 15. september 2020
UST202003-030/H.E.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 3.7.2020, hjá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf.

Þann 3.7.2020 fór fram eftirlit í verksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur að úrbótum varðandi tvö eldri frávik er varða frágang á lóð og ráðstöfun fínefnis úr sekkjum í viðurkenndan farveg.


Tveimur ábendingum var komið á framfæri varðandi kvartanir sem hafa borist vegna starfseminnar og varp í hafið. Þrjú ný frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar á ryki í útblæstri hafa ekki farið fram það sem af er ári 2020 en skv. starfsleyfi skal framkvæma tvær mælingar á ári og skal fyrri mælingin gerð fyrir 1. maí. Tafir á mælingum hafa orðið vegna slæms veðurs í upphafi árs og vegna Covid 19.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi fyrir rekstrarárið 2019 hefur ekki verið skilað en því skal skilað fyrir 1. maí skv. ákvæðum reglugerðar. Grænu bókhaldi var skilað 2. september sl. og telst frávikingu því lokið.
3. Gr. 4.5 í starfsleyfi og reglugerð nr. 990/2008 um útstremnisbókhald. Útstremnisbókhaldi fyrir rekstrarárið 2019 hefur ekki verið skilað en því skal skilað fyrir 1. maí skv. ákvæðum reglugerðar. Útstremnisbókhaldi var skilað 2. september sl. og telst frávikingu því lokið.

Í símatali við rekstraraðila kom fram að mælingar á ryki í útblæstri séu fyrirhugaðar nk. fimmtudag, 17. september. Umhverfisstofnun fellst á þá úrbótaáætlun og óskar eftir niðurstöðum rykmælinga í útblæstri þegar þær liggja fyrir.

Virðingarfyllst


Halla Einarsdóttir


Einar Halldórsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	3.7.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Halldórsson	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis	Sólveig Dröfn / Almar	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundina vettvangsheimsókn í Íslenska kalkþörungafélagið.

Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna tveggja eldri frávika en enn er unnið að úrbótum varðandi frágang á lóð og ráðstöfun finefnis úr sekkjum í viðurkenndan farveg.

Þrjú ný frávik frá starfsleyfi komu fram er varðar mengunarmælingar og gagnaskil. Þá var tveimur ábendingum komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðustu vettvangsheimsókn eftirlits og úrbætur útistandandi frávika.
2. Fyrirhugaðar breytingar og endurbætur á verksmiðjunni.
3. Niðurstöður mengunarmælinga
4. Áhættumat til ákvörðunar á tiðni eftirlitsferða.
5. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
6. Skoðunarferð

Síðasta reglubundna vettvangsheimsókn eftirlits fór fram 15. október 2019. Meðal annars var farið yfir úrbætur vegna útistandandi frávika.

Innleiðing á umhverfisstjórnunarkerfi. Sú innleiðing samtvinnast við innleiðingu fyrirtækisins á gæðakerfi skv. kröfum FEMAS vottunar. Íslenska Kalkþörungafélagið fékk vottun FEMAS í júlí sl. Þá hefur rekstraraðili sett sér umhverfisstefnu og markmið og unnið að viðbótum við gæðakerfið til að uppfylla kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi skv. BAT niðurstöðum.

Frágangur á lóð. Frávik var skráð í síðasta eftirliti vegna óviðunandi geymslu rafgeyma og var brugðist við því. Þá hefur rekstraraðili unnið áfram að tiltekt á lóðinni og betra skipulagi.

Ráðstöfun finryks í sekkjum í viðeigandi farveg. Um er að ræða finefni sem fellur úr hreinsivirkjum í vinnslunni þar sem að kalkþörungar eru skyldir frá jarðefnum. Tafir hafa verið á útflutningi efnisins til endurvinnslu vegna Covid19. Rekstraraðili er með til skoðunar hvort efnið sé óvirkt og geti nýst til landmótunar í landfyllingu á höfninni eða geti fallið undir leyfi fyrir varpi í hafið. Slik endurnýting á úrgangi er starfsleyfisskyld hjá Heilbrigðisnefnd. Mikilvægt er að finna viðeigandi ráðstöfunarleiðir til að hindra að efnið safnist upp í óæskilega miklu magni á lóðinni.

Aðgerðir til að lágmarka ryk frá verksmiðjunni.

Ryk í útblæstri vatnshreinivirkis (scrubber) mældist vel innan skilgreindra viðmunarmarka í starfsleyfi í mælingum í janúar 2019 og október 2019. Farið var yfir tækifæri til að fækka atvikum þar sem að hreinsivirkri útblásturs vinna ekki nægjanlega á ryki svo að það verður sýnilegt í útblæstri. Farið var yfir hugmyndir sem lagðar voru fram í síðasta eftirliti. Mikilvægt er að rekstraraðili skrái tilvik þar sem að pokar rifna eða önnur atvik koma upp sem hafa áhrif á virkni hreinsunar á útblæstri. Unnið er að uppsetningu á nýjum búnaði fyrir kornun og flokkun (G-plant) með bættri síun. Fallið hefur verið frá áformum um samtenginu hreinsivirkja, uppsetningu á bjöppu til að auka þrýsting inn á hreinsivirkin og svæðisskiptingu á neyðarútslætti verksmiðjunnar sem kynnt voru í síðastu vettvangsheimsókn.

Hávaðamælingar eru framkvæmdar af starfsmönnum verksmiðjunnar tvívar á dag og voru skráningar þess efnis lagðar fram. Ekki er hægt að staðfesta að hávaði sem mælist í íbúabyggð stafi af starfsemi Kalkþörungafélagsins eingöngu en mikilvægt er að rekstraraðili leiti leiða til að lágmarka hávaðan eins og kostur er.

Ryk í útblæstri vothreinsivirkis mældist á bilinu 5,4 - 8 mg/Nm³ í mælingum í janúar 2019 og á bilinu 8,6 - 12,1 mg/Nm³ í mælingum í október sl. Sem er vel innan skilgreindra viðmiðunarmarka sem skilgreind eru í starfsleyfi (20 mg/Nm³).

Mælingar á hávaða við lóðarmörk eru í öllum tilvikum nema einu undir 70 dB(A) en enn lítillega yfir viðmiðunargildum reglugerðar um hávaða í íbúabyggð á nóttunni. Mikill vindstyrkur mældist í tilvikinu þar sem að hávaði mældist yfir 70 dB(A) og ekki er útilokað að hávaði mælist vegna annarrar starfsemi en Kalkþörungafélagini í mælingunum.

Styrkur svifagna í sjó mældist í öllum mælipunktum minni eftir dælingu en fyrir í mælingum sem gerðar voru við dælingu í maí-júní sl. Lækkun á styrk svifagna mældist á bilinu 3-8 mg/l.

Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeflirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisahættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávika. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Íslenska Kalkþörungafélagsins í áhættuflokk A og þar með er áætlað að fara tvívar í vettvangsferðir í verksmiðjuna í ár. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nágast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Rætt var um tækifæri til að lækka stigafjölda áhættumatsins með bættri umhverfisstjórnun á búinu.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Einn fastur olíugeymir er á lóð rekstraraðila ásamt færarlegum afgreiðslugeymi og úrgangsolutanki. Ölítankarnir eru þjónustaðir af N1.

Að loknum efirlitsfundi var farið í skoðunarferð um verksmiðjulóðina. Staðfest var að umgengni á lóðinni hefur farið batnandi og mun skipulagðra að auðveldara aögengi er um lóðina. Enn er nokkuð um byggingarefnir sem rekstraraðili hyggst hugsanlega nýta við endurbætur á verksmiðjunni. Ekki var sjáanlegur munur á magni finefna í sekkjum frá síðastu vettvangsheimsókn. Gengið var meðfram varnargarði við setlón og sjórinn þar meðfram skoðaður.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Grein 4.2 í starfsleyfi

Mælingar á ryki í útblæstri hafa ekki farið fram það sem af er ári 2020 en skv. starfsleyfi skal framkvæma tvær mælingar á ári og skal fyrri mælingin gerð fyrir 1. maí. Tafir á mælingum hafa orðið vegna slæms veðurs í upphafi árs og vegna Covid 19.

Grein 4.5 og reglugerð 851/2002 um grænt bókhald

Grænu bókhaldi fyrir rekstrarárið 2019 hefur ekki verið skilað en því skal skilað fyrir 1. maí skv. ákvæðum reglugerðar.

Grein 4.5 og reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald

Útstreymisbókhaldi fyrir rekstrarárið 2019 hefur ekki verið skilað en því skal skilað fyrir 1. maí skv. ákvæðum reglugerðar.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun barst kvörtun degi eftir að eftirlitið fór fram um hávaða á Bíldudal sem aðilinn telur að rekja megi til verksmiðjunnar. Í ábendingunni er hávaðanum lýst sem stöðugum hvin með allt að því hátiðni. Mikilvægt er að rekstraraðili leiti leiða til að lágmarka hávaða frá verskmiðjunni.

Kvörtunin sneri einnig að ryki í útblæstri á tveimur strompum verksmiðjunnar ásamt mynd því til staðfestingar. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila stafaði rykið í útblæstri af rifnum poka í hreinsivirk og voru sendar myndir samdægurs sem sýndu að úrbætur höfðu verið gerðar til að halda ryki innan skilgreindra viðmiðunarmarka. Mikilvægt er að rekstraraðili haldi vel utan um skráningar á bilunum á hreinsivirkjum s.s. þegar pokar rifna.

Óheimilt er að varpa hverskonar efni í hafið nema að gefnu leyfi Umhverfisstofnunar sbr. lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

ANNAD

Rekstraraðili hefur sótt um stækkan á verksmiðjunni upp í 120.000 tonna ársframleiðslu en núgildandi starfsleyfi heimilar framleiðslu upp að 85.000 tonnum á ári. Farið var yfir áætlanir um endurbætur sem lagðar hafa verið fram í gögnum til grundvallar álits Skipulagsstofnunar um að starfsemin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og þar með sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum sem og í umsókn um breytingu á starfsleyfi.

Talsverðar rekstrartruflanir urðu í verksmiðjunni á fyrrí hluta ársins vegna veðurofsa og rafmagnsleysis. Verksmiðjan var án rafmagns 44% rekstrartímans í janúar og 19% í febrúar. Þá kom upp bilun í þurrkara sem gerði verksmiðjuna óstarfhæfa í rúma viku í mars.

Um 1170 m³ eru eftir af 6000 m³ leyfi fyrir varpi náttúrulegu óvirku efni úr setlóni í losunarstað út af Kópsnesi (losunarstaður B). Rekstraraðili hefur sótt um viðbótarheimild til losunar upp að 6000 m³ til viðbótar á þeim stað. Þess utan hefur rekstraraðili leyfi til losunar á 900 m³ af efni úr setlóni á losunarstað A.

Reykjavík, 15.09.2020

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.